

## FUNDARGERÐ

382. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 29. nóvember 2016 kl. 9.15 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Anna Þrúður Þorkelsdóttir.

Þetta gerðist:

### Fundargerð síðasta fundar samþykkt

#### 1. Mótun stefnu fyrir FEB

Formaður opnaði umræðuna með spurningu; Hvert ætlum við, hvert förum við? Farið yfir tilgang veru FEB í LEB. Lög LEB rædd m.a. ákvæði um atkvæðavægi á landsfundi LEB svo og ákvæði um aðild. Innihald bréfs til LEB rætt yfirfarið. Samþykkt að boða til tveggja funda á næstunni með formanni LEB og svo annan fund með formönnum eldri borgara félaga í nágrannasveitarfélögum. Einnig var rætt um útgáfu Afsláttarbókarinnar á næsta ári og þá hvort hún yrði gefin út með eða án aðkomu annarra félaga eldri borgara. Við síðustu útgáfu bókarinnar árið 2015 var gert samkomulag um að FEB ynni bókina fyrir LEB gegn greiðslu.

#### 2. Fundarhrinan undanfarið

Mjög vel mætt á alla þrjá fundina, lífeyrissjóði, framfærsluviðmið og kynningu á almtr.löggjöf. Fjöldmennast var á fundinum 28. nóv. um 160 manns. Ráðgerður er annar fundur með TR í janúar n.k.

Nokkur umræða hefur orðið í kjölfar fysta fundarins um lífeyrissjóðina og „skerðingar“ þeirra í gegnum árin. Málið rætt og áréttað með hvernig „röð“ stoðirnar þrjár - lífeyrir er greiddur / reiknaður. Tekið betur fyrir á fundi stjórnar á næsta ári.

Rætt um vinnufund stjórnar eftir áramótin þar sem m.a. yrði farið yfir skýrslu um *Aldursvæn borg og Reykjavík*.

#### 3. Aðventugleiði 8. des.

Minna á Aðventugleiðina 8. desember kl. 15.30. Opið hús - bara að mæta. Aðgangur aðeins kr 600.

#### 4. Önnur mál

\* Uppstillingarnefnd þarf að huga að mönnun – samþykkt að formaður verði áfram Gunnar S. Björnsson.

\* Dagsetning á aðalfund FEB - rætt um 16. febrúar.

\* Næstu fræðslufundir; Aldursvæn borg Reykjavík, Framlag eldri borgara til samfélagsins

\*Gjaldkeri og framkvæmdastjóri greindu frá því að þeir hefðu verið ásáttir um eftirfarandi ráðstafanir á fjármunum FEB:

a) Eftirstöðvar árgjalds til LEB verði greitt fyrir lok þessa árs.

b) Greitt verður inn á höfuðstól veðláns Arionbanka vegna húseignar FEB í Stangarhyl 4.

Eftir nokkrar umræður, einkum um a-lið, voru þessar ráðstafanir samþykktar án mótaskvæða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.15.